



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagurinn 24. nóvember 2011

Ákvörðun nr. 38/2011

## Kaup Gnípu ehf. á 60% hlutafjár í Servida ehf.

### 1.

Þann 31. október 2011 barst Samkeppniseftirlitinu bréf þar sem tilkynnt er um fyrirhugaða yfirtöku Gnípu ehf. (hér eftir Gnípa) á Servida ehf. (hér eftir Servida).

Í tilkynningunni kemur fram að með samningi, dags. 5. október 2011, hafi Gnípa keypt 60% af hlutafé í Servida ehf. Tekið sé fram í kaupsamningnum að til grundvallar kaupnum sé að Servida kaupi eða hafi keypt alla hluti í Besta ehf. (hér eftir Besta). Þá er í tilkynningunni gerð grein fyrir fyrirtækjum sem samrunaaðilar hafa bein eða óbein yfirráð yfir, veltutölum og heildarveltu samrunaaðila, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.

Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreint í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

### 2.

Gnípa er félag í eigu Magnúsar R. Jónassonar og hefur á síðustu árum eingöngu haft með höndum rekstur fasteigna og útleigu þeirra. Magnús er jafnframt 75% eigandi að Garra ehf., (hér eftir Garri) sem er félag sem rekur heildverslun í Reykjavík.

Garri selur einkum vörur til veitingastaða, hótela, mótuneyta og matvælaframleiðanda. Um [...] <sup>1</sup>% rekstrartekna Garra er aflað með sölu á frystum, niðursoðnum og þurrkuðum matvörum, e.a. í stórnotendapakkingum. U.þ.b. [...] <sup>2</sup>% rekstrartekna Garra er aflað með sölu á ýmis konar eldhúsvörum og umbúðum eins og t.d. einnota ílátum fyrir matvæli.

Servida selur einkum pappírsrekstrarvörur og umbúðir og sinnir þjónustu við viðskiptamenn vegna söluvara sinna. Um [...] <sup>3</sup>% rekstrartekna Servida er aflað vegna

---

<sup>1</sup> Trúnaðarmál

<sup>2</sup> Trúnaðarmál

<sup>3</sup> Trúnaðarmál



sölu á pappírsvörum fyrir stórnotendur en [...] <sup>4</sup>% rekstrartekna félagsins er aflað með sölu á umbúðum og ýmsum vörum fyrir veitingastaði og eldhús.

Besta selur hreingerningavörur, þ.e. tæki, áhöld og efni til hreingerninga. Viðskiptamenn eru jafnt stórnotendur, einstaklingar og smærri fyrirtæki.

Samkvæmd framansögðu eru aðilar samrunans tveir, þ.e. Gnípa og Servida. Tengdir aðilar eru Garri og Besta. Heildarvelta samrunaaðila á árinu 2010 var [...] <sup>5</sup> og skiptist þannig:

[...] <sup>6</sup>

Fram kemur í tilkynningu um samrunann að samrunaaðilar telji að þeir markaðir sem áhrifa samrunans gæti séu ekki tengdir þannig að áhrif geti haft. Samrunaaðilar telji að einungis geti komið til greina að um skörun sé að ræða varðandi markað með sölu á matvælaumbúðum og ýmsum eldhúsvörum fyrir stórnotendur, en Garri og Servida hafi slíkar vörur á boðstólnum. Hins vegar sé um litla markaðshlutdeild að ræða hjá báðum félögum. Þá er tekið fram að ekki hafi farið fram sérstök rannsókn hjá samrunaaðilum á stærð heildarmarkaðar fyrir slíkar vörur né heldur hafi slíkur markaður verið skilgreindur í sérgreinda undirmarkaði. Gnípa telji að innflutningur til landsins á þeim vöruflokkum sem félagið kallar „Umbúðir og ýmsar eldhúsvörur“ í vöruskrá sinni nemi [...] <sup>7</sup> milljónum króna árlega með flutningskostnaði (CIF). Þetta sé byggt á samantekt innflutnings eftir tollanúmerum samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Þar komi fram að innflutningur Garra hafi numið [...] <sup>8</sup> millj. króna og innflutningur Servida hafi numið [...] <sup>9</sup> millj. Króna eða samtals [...] <sup>10</sup> millj. króna. Telja aðilar því að sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila sé [...] <sup>11</sup>%.

Sem dæmi um þær vörur sem bæði Garri og Servida bjóða nefna samrunaaðilar m.a. plastfilmur, áppapír, einnota hanskar, tannstönglar, munnþurrkur, ruslapokar, pizzuöskjur, bréfpokar, pappadiskar, hitabakkar, súpumál, núðlubox, plastglös, kaffimál, kaffisiur, sushibakkar og þrjónar, einnota desertsálar og box o.fl.

Samrunaaðilar telja að helstu samkeppnisaðilar á markaði sem bjóða sambærilegar umbúðir og ýmsar eldhúsvörur eins og þær sem séu að finna í vöruskrá Garra séu eftirfarandi aðilar:

O. Johnson og Kaaber, Íslensk Ameríska, Eggert Kristjánsson, Ásbjörn Ólafsson, Ekran, Ölgerðin, Rekstrarvörur, Kassagerðin, Duka, Agnar Ludvíksson, Europris, Jötunn vélar, Kerfi, Penninn, PMT, Plastprent, Plastiðjan, Samhentir, Nokk, Matvélar, M.S., Aðföng, Skeljungur, Ásgeir Sigurðsson, Danco, S.S., Viðarsúla, Aros, Oddi, Prentmennt, Intertrade, Kornax, Vífilfell, R.M.K., auk þess sem stórnotendur versli af erlendum birgjum og flytji sjálfir til landsins. Er Mjólkursamsalan nefnd sem dæmi um slíkan aðila.

---

<sup>4</sup> Trúnaðarmál

<sup>5</sup> Trúnaðarmál

<sup>6</sup> Trúnaðarmál

<sup>7</sup> Trúnaðarmál

<sup>8</sup> Trúnaðarmál

<sup>9</sup> Trúnaðarmál

<sup>10</sup> Trúnaðarmál

<sup>11</sup> Trúnaðarmál



Telja samrunaaðilar að samruninn hafi engin teljandi samkeppnisleg áhrif. Á þeim markaði sem áhrifa gæti hugsanlega gætt, þ.e. heildarmarkaði fyrir umbúðir og ýmsar eldhúsvörur til stórnotenda, séu fjöldi samkeppnisaðila. Mikið vöruframboð sé á markaðnum og mikil eftirspurn. Auk þess sem kostnaðaraðhald kaupenda hafi aukist mjög eftir bankahrun. Tryggð viðskiptamanna sé háð því að boðið sé upp á samkeppnishæft verð á umræddum vörum. Að mati samrunaaðila eru engar aðgangshindranir til staðar á markaðnum.

### 3.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Samruni Gnípu og Servida flokkast undir samruna í skilningi samkeppnisréttar en athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Í ljósi þess og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna kaupa Gnípu á 60% af hlutafé í Servida ehf. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### Ákvörðunarorð:

**„Með kaupsamningi, dags. 5. október 2011, keypti Gnípa ehf. 60% af hlutafé í Servida ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll G. Pálsson